



# Samantekt umræðna

Opinn samráðsfundur á Hellu 12. nóvember 2018 vegna vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki.

Niðurstöður umræðna.

# Opinn samráðsfundur vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki

Samkvæmt 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 ber Umhverfisstofnun (UST) ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði. Í áætluninni skal m.a. fjallað um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir og aðgengi ferðamanna, þar á meðal aðgengi fatlaðs fólks. Ef ekki hafa verið settar sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á viðkomandi svæði í auglýsingu um friðlýsingu er heimilt að setja slíkar reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Tillögu að stjórnunar- og verndaráætlun skal auglýsa opinberlega og skulu athugasemdir við hana hafa borist innan sex vikna frá birtingu auglýsingarinnar. Áætlunin er háð staðfestingu ráðherra og skal staðfesting og gildistaka áætlunarinnar auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðland að Fjallabaki hófst í byrjun árs 2017. Stjórnunar- og verndaráætluninni er skipt upp í 4. kafla, 1. og 2. kafli áætlunarinnar er langt kominn og 3. kafli, sem fjallar um stefnumótun fyrir friðlandið, er í vinnslu. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á samráð og til þess að fá sem flestar hugmyndir upp á borðið hélt Umhverfisstofnun opinn samráðsfund á Hellu 12. nóvember s.l. Þær hugmyndir sem fram komu á fundinum verða nýttar til þess að vinna drög að 3. Kafli. Í kjölfarið verður 4. kafli unninn sem snýr að sérreglum sem settar verða fyrir friðlandið og eins verða aðgerðir greindar sem þörf er á að fara í. Eftir að þeirri vinnu er lokið verða drög að áætluninni auglýst eins og fram kemur hér að ofan í sex vikur þar sem öllum gefst tækifæri á að koma athugasemdum á framfæri.

Frekari upplýsingar um vinnuna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar fyrir friðlandið má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar:

<https://ust.is/einstaklingar/nattura/verndaraetlanir-i-vinnslu/fridland-ad-fjallabaki/>

Á opna samráðsfundinum var gestum skipt niður á 7 borð þar sem ólík umræðuefni voru á hverju borði. Allar hugmyndir voru skráðar og má finna samantekt þeirra hér að neðan.

## Borð 1 - Svæðaskipting

1. Laugavegssvæði
2. Ferðamannastaðir (Landmannalaugar, Landmannahellir, Hrafninnusker, móttaka) uppbyggingin.
3. Jökulgilið.
4. Viðkvæm svæði (háhitasvæði, votlendi, jarðminjar, fleiri?). Greina í samstarfi við Náttúrufræðistofnun. Getum við skilgreint þetta í einn hóp?
5. Til dæmis: Rauð svæði – ferðamannasvæði, græn svæði – viðkvæm o.s.frv. erum við að skilgreina svona eða öll svæðin sér? Hafa einfalt? Eða flóknara?

### 1. Laugavegssvæði

- Sjálfsgætt að skilgreina svæðið, svæðið er ótrúlega misjafnt. Laugavegsleiðina má tvöfalda, auka tjaldsvæði, þá er ekki allur massinn á tveimur stöðum.
- Allur þungi inn í Landmannalaugar liggur eftir Laugaveginum, erfitt að stoppa fjöldann (nema með takmörkunum), einu innviðirnir sem geta tekið á móti þessu fólki eru Landmannalaugar, kynnisferðir ætla að hætta áætlanarbílnum, svo Hólaskjól er út og fl. staðir. Það þyrfti að tengja áætlunarkerfi svo að upphafs- og endastaður rútabíla sé Landmannalaugar. (Eini staðurinn sem getur tekið við þeim fjölda). Byggja upp gönguleiðanet svo fólk hafi greiðari aðgang inn og út af svæðinu.
- Byggja upp göngustíga.
- Hellismannaleið (stikuð og merkt) má efla hana? Sú leið er frábær.
- Laugavegurinn getur tekið á móti meiri fjölda en hann gerir í dag, yfirgnæfandi ánægða, þrengsli á skálasvæðum (það er hægt að laga). Með því að skipuleggja og skipta svæðunum niður þannig að hægt sé að ganga Laugavegin í mismunandi útgáfum, bæði lengri og styttri leiðir. Opna fyrir uppbyggingu á skálasvæðum sem er nú þegar búið að setja inn í skipulag. Það þarf betra eftirlit.

## 2. Ferðamannastaðir (Landmannalaugar, Landmannahellir, Hrafninnusker, móttaka)

- Landmannalaugar eru að fá of mikla umferð. Efla Landmannahelli á móti Landmannalaugum og eins að efla Hólaskjól (Dalakofann).

## 3. Jökulgilið

- Takmarka umferð á stórum gönguhópum (70 manna hópur er of stór), það er skrítið hve mörg hross mega fara, en hvergi eru takmarkað fjöldi fólks í gönguhópa.
- Jökulgilið er einstakt, skilgreina svæðið, stýra því, takmarka ferðir þangað.
- Jökulgilið (botninn) er viðkvæmt, ef fólk er að klifra í brekkum þá skemmist mosinn. Svæðin þola mjög misjafnan ágang, sumum svæðum er veitt of mikil athygli, þarf að taka svæðin föstum tókum og stýra umferð, en ekki loka. Mikilvægt að það verði skilgreint svæði svo að fólk fari ekki ríðandi yfir mosabreiður.

## 4. Viðkvæm svæði (hátítasvæði, votlendi, jarðminjar). Greina í samstarfi við NÍ. Getum við skilgreint þetta í einn hóp?

- Ákveðin viðkvæm svæði sem við þurfum að passa upp á eins og til dæmis Austurlækjardalur ekki beina umferð inn á það svæði. Eins sniðugt að setja strangari reglur á hverasvæðum, Hrafninnusvæði, á veturnar, yngstu gosmyndanir hraunin í kringum Landmannalaugar sérstakar jarðminjar sem eru undir þó nokkru álagi.
- Sveinsgil viðkvæmt, frá Kirkjufelli og í Sveinsgil þarftu að ganga yfir viðkvæmt svæði, hafa sætaferðir úr Laugum og inní Sveinsgil?
- Rauða fossa svæðið er mjög viðkvæmt, Rauðahraunið (er skemmt? ) er viðkvæmt.
- Þarf að fara yfir allt og skilgreina hvaða svæði eru viðkvæm o.s.frv.
- Græni hryggurinn. Margir vilja fara þangað en þar eru engir innviðir.
- Stórir hlutar af hverasvæðinu bara hreinlega loka því, bæði vegna öryggis og náttúruverndar.

## 5. Til dæmis rauð svæði – ferðamannasvæði, græn svæði viðkvæm o.s.frv. – erum við að skilgreina öll svæðin svona eða sér, hafa einfalt eða flókið?

- Skoða hvernig svæði eru skilgreind erlendis, fara eftir flokkun sem er til. Eins og svört skíðabrekka.
- Skipta upp svæðum eftir því hvar einkabílar eru leyfðir, rútur, osfrv. (þjóðgarðar erlendis sem viðmið).
- Passa okkur á að gera ekki of miklar sérreglur, hafa einfaldar reglur fyrir svæðin.
- Góð hugmynd að svæðin þurfa mismunandi reglur.
- Gisting sem er í boði stjórnar ítölu kannski að einhverju leyti.
- Ítölur? Takmarka umferð? Gengur ekki þessa leið nema með leyfi. Kallar á mikið eftirlit. Láta fólk greiða fyrir að ganga?

- Byggja upp útsýnispall svo hægt sé að horfa yfir Reykjadal.
- Hleypa engum einkabílum/bílaleigubílum inn á Laugavegin, vera með upplýsingagjöf á bílastæðinu, ná til fólksins áður en við missum það inn á svæðið. Hleypa skipulögðum ferðum inn á svæðið.
- Stígarnir séu vel merktir, litamerking á stígum og stika allar gönguleiðir (eins og er á Fimmvörðuhálsi).
- Vandamál með Laugaveg því það er ekki einn aðili sem sér um hann.
- Myndi hjálpa ef það væri einhver einn sem bæri höfuðábyrgð á t.d. göngustígum, (hvort sem það er UST eða sveitarfélagið).
- Myndi hjálpa ef UST væri með staðal fyrir merkingu gönguleiða („skíðabrekkufíðus“) sem sveitarfélög gætu farið eftir.
- Dreifa fólki til að vernda svæðið (þá helst fólk innan leiða). Og góð upplýsingaskilti (er ekki sjálfgefið að fólk viti að það sé ekki æskilegt að ganga á hrauni).
- Byggja meira, örugga ferðapjónustu.
- Helmingurinn af Laugavegi er ekki friðland.
- Erfitt að skipuleggja hverasvæðið í Reykjadölum sem ferðamannasvæði.
- Svæðið í kringum Hvínanda er stórkostlegt.
- Þurfum að ná til skipuleggjanda ferðamannsins, af hverju eru ekki uppseldar ferðir hjá ferðaskipuleggjendum?
- Svæðið rúmar meira en eina gönguleið, það eru engar upplýsingar, það vantar ferðir á hina staðina, betri stýringu. Leiðir meðfram Laugaveginum – Hellismannaleiðin.
- Á ekki að vera ótakmarkaður fjöldi, sem getur farið inná svæðið.
- Svæði sem eru spennandi, má vera „erfitt“ að komast á og bílastæði geta verið langt í burtu.
- Þurfum að vera óhrædd við að stýra (takmarka) án þess að banna umferð, því náttúra sem enginn fær að njóta er lítils virði.
- Einfalda merkingar á akvegum, hversu greiðfærir þeir eru? Vantar almennt merkingar.
- Óendanlegir möguleikar í Landmannahelli fyrir tjaldsvæði.



## Borð 2 – Innviðir

1. Hvernig innviðir eiga að vera til staðar?
2. Þjónustuhús, salerni
3. Bílastæði og vegir
4. Skilti og merkingar
5. Tjaldsvæði

### 1. Hvernig innviðir eiga að vera til staðar?

- Það ætti ekki að byggja gistaðstöðu á 'stærri skala' en er nú þegar til staðar (gistiheimili, hótél o.s.frv.). Það myndi ekki ganga upp á víðernasvæði eins og Fjallabaki.
- Það mætti samt fjölga skálum.
- Mikilvægt að hótelvæða ekki hálendið og að sleppa allri lúxusvæðingu.
- Halda byggingu gistaðstöðu lágstemmdri og byggja ekki undir fjöldaferðamennsku.
- Passa að 'hrinda' ekki gönguferðamönnum (púristum) frá fyrir fjöldaferðamenn.
- Vantar að gera þolmarkarannsóknir á Fjallabaki.
- Þarf samt ekki innviðauppbygging að svara eftirspurn aukins fjölda ferðamanna?

- Landmannalaugar eru einstakt svæði þannig að fólk mun alltaf vilja fara þangað, við munum ekki sleppa frá massatúrismanum en hægt er að stýra þolmörkum svæðisins með uppbyggingu innviða.
  - Það er náttúran sem er eftirsóknarverð – verðum að verja hana.
- Með uppbyggingu lúxusgistingar lengist viðverutími fólks.
- Mikilvægt að gamlir menningarinnviðir haldist í sinni mynd eins og til dæmis Landmannahellir og vörðurnar á Hellismannaleið sem og allt sem tengist smalamennsku.
- Hvernig væri bara að stækka skálann í Landmannalaugum?
  - Það er auðvelt í framkvæmd. Væri leikandi hægt að bæta við helling af svefnplássi án þess að það hefði dramatísk áhrif á svæðið í kring. Myndi varla breyta heildarmynd umhverfisins.
- Í lagi að það sé uppselt í skálana? Það er líka fjöldatakmörkun í því.
- Það vantar meiri fjölbreytni í gistaðstöðu.
  - Skrítið að það sé ekki boðið upp á einkagistingu.
- Það er ekki gott að það sé aðeins einn þjónustuaðili með gistingu á svæðinu.

## 2. Þjónustuhús, salerni

- Það bráðvantar salernishús við friðlandsmörkin.
- Það er líka lágmarkskrafa að hafa salernishús einhvers staðar á leiðinni upp í Landmannalaugar.
  - Er ekki náttúruvernd í því?
- Engin salernisaðstaða yfir vetrartímann.
- Vantar líka salernishús við útsýnisstaði og upphaf gönguleiða.
- Það vantar líka fleiri salernishús á Laugaveginn.
  - Það væri svo hægt að tæma þau með þyrlu 2x á sumri eða svo.
- Vantar innisvæði í Landmannalaugar þar sem fólk getur fengið smá skjól frá veðrum og vindum og pakkað í pokana sína án þess að allt blotni.

## 3. Bílastæði og vegir

- Nýi stígurinn í Laugahrauninu sýnir greinilega strax endurheimt gróðurs á svæðinu í kring. Mætti gera stíginn svona lengra upp Laugaveginn.
- Það þarf fjöldatakmörkun á Laugaveginn.
- Vegirnir eiga að halda sér eins og þeir eru.
  - Slæmir vegir eru fjöldatakmörkanir
  - Sumt fólk sækist í slæma vegi... það er hluti af heildarupplifun af svæðinu.
  - Eigum við að leyfa þessu að vera svona 'jeppaskemmtigarður'? Ýtir það ekki undir utanvegaakstur?

- Mikilvægt að passa heildarmynd innviða. Til dæmis ekki gott að það séu mismunandi litaðar stikur á Laugaveginum.
  - Allt í lagi að laga vegina smá en að banna/takmarka einkabíla á veginum. Hafa bara skipulagðar rútuferðir eins og t.d. frá Hrauneyjum.
  - Það er vel gerlegt og mikið gert t.d. í þjóðgörðum í Bandaríkjunum
- Það þarf að malbika veginn
  - A.m.k. F208 og F225
  - Hinir slóðarnir gætu svo verið í sinni upprunalegu mynd.
- Það á alls ekki að malbika veginn – það ýtir undir ennþá meiri fjölda ferðamanna.
- Það er lágmark að vegirnir séu í ástandi sem ýti ekki undir utanvegaakstur.
- Það að raða steinum í ‘perlufesti’ meðfram vegum skapar stórhættu t.d. þegar farartæki og hross þurfa að mætast á veginum.
  - Má þetta á friðlandi?
  - Sjónmengandi í ofanálag
- Það vantar útskot á vegina til að bílar geti mæst og neyðast ekki út af veginum.
- Af hverju eru ekki allir vegirnir númeraðir eins og F208 og F225?
  - Eiga bílaleigubílar nokkuð erindi inn á ónúmeraða vegi?
- Það þarf að flokka og merkja vegi sérstaklega eftir erfiðleikastigi
  - Bílaleigur gætu t.d. bannað sínum bílum ákveðið erfiðleikastig
- Það er óþarfi að loka Dómadalsleiðinni alveg við Hrauneyjavegin.
  - Það verða alltaf sömu kaflar á veginum ófærir og þeir eru miklu ofar en hliðið.
  - Það er líka oft fært upp að Heklu þó það sé ófært upp í Laugar.
  - Hvernig væri að hafa veginn góðan upp að snjólínu og loka honum þar með hliði? Því að fólk keyrir utanveggar framhjá núverandi hliði til að komast upp í snjólínu.
  - Ef lokunin væri við snjólínu gætu síðan jepparnir haldið áfram upp í sjónum en ‘dusterarnir’ snúið við.
- Vantar bílastæði við útsýnisstaði – það myndi koma í veg fyrir utanvegaakstur
- Liggur vandamálið ekki í því að sumir vegir heyra undir Vegagerðina, aðrir undir sveitafélagið?
- Vantar bensínsdælu í Landmannalaugar (sérstaklega yfir vetrartímann)
- Það þarf að fjölga vegum innan friðlandsins
- Nauðsynlegt að hafa hefil á svæðinu allt sumarið og vegurinn þá hefлаður 1x í viku (F208 og F225)
- Það þarf að opna slóða sem hefur verið lokað
  - Af hverju er vegum/slóðum lokað? Veltur það á geðþótta Umhverfisstofnunar og landvarða?



- Betri vegir auðvelda aðgengi á meðan verri vegir torvelda það. Fyrir sumum er það ákveðinn “sjarmi” að erfitt sé að fara inn á þessi svæði. Upplifunin verður sterkari. Sumir segja að friðlandið mætti opna fyrr með betri vegi. Þá verður heldur betur að huga að því að með því að opna fyrr, er verið að opna fyrr inn á gróðurlendi sem er þegar viðkvæmt og enn viðkvæmara þegar klaki er enn að fara úr jörðu. Það er því mjög tvíeggjað að gera slíkt.

#### 4. Skilti og merkingar

- Það vantar skýrari reglur
  - Flestir vilja fylgja reglum en þær eru óskýrar.
- Passa heildarmynd innviða. Lítið sem ekkert samræmi í upplýsingaskiltum og merkingum
- Vantar skilti við friðlandsmörkin (öll mörkin)
  - Með reglum friðlandsins
  - Merkingar um staðsetningu salerna
  - Gönguleiðir
  - Vegakerfi
  - Tjaldstæði
- Það bráðvantar vegamerkingar. T.d. við nánast öll veiðivötnin.
- Fólk er að villast í frumstæðu vegakerfi á Fjallabaki því það eru litlar sem engar merkingar.
- Það þarf samræmi í skiltakerfið. Gengur ekki að það séu mismunandi skilti frá UST, Vegagerðinni, FÍ...
- Þær vegamerkingar sem eru til staðar vísa upp og niður og í allar áttir á sumum stöðum (eins og t.d. á Krakatindsvegi nálægt Dalakofanum).
- Síðan er ruglandi að sumir vegir séu stikaðir og aðrir ekki. Vantar allan heildarbrag á svæðið.
- Af hverju fæst peningur í lagfæringar á göngustíg en ekki vegi?
- Við upphaf allra gönguleiða mætti vera lítið innrammað kort af leiðinni
  - (við rætur Bláhnúks, Brennisteinsöldu, Vondugil...)

#### 5. Tjaldsvæði

- Þetta tjaldstæði er til skammar. Það er eins og flóttamannabúðir og það á að loka því og gera bara stærri skála í staðinn.
- Væri möguleiki á að laga tjaldstæðið? T.d. gera skjólvegg
- Það þarf að fjölga tjaldstæðum á friðlandinu
  - T.d. fólk oft að tjalda í Hattveri í leyfisleysi.
- Fjölgun og dreifing tjaldstæða og þjónustu myndi dreifa álagi inni á friðlandinu.

- Aukin tjaldþjónusta myndi fjölga starfsfólki á svæðinu sem gæti þá sinnt upplýsingagjöf (tjaldverðir, skálaverðir, klósettverðir...)
- Af hverju er t.d. ekki tjaldstæði við Dalakofann?
- En til dæmis er fínasta tjaldstæði í Landmannahelli en fáir sem nota það. Af hverju er það?



## Borð 3 - Umsjón og fræðsla

1. Landvarsla
2. Önnur fræðsla en skilti?
3. Álagsdreifing
4. Talningar - ítölur

### 1. Landvarsla

- Meiri landvörslu.
- Aukin tengls við landverði í hellinum.
- Sumum finnst lítið sjást til landvarðar.
- Bent á að rekstaraðilar sinna landvörslu líka.
- Skálaverðir eru landverðir líka.
- Starfsmenn hjá Hellismönnum hjálpa ferðmönnum.
- Landverðir þurfa að þekkja svæðið.
- Fjármagnsvandi. Landverðir ráðnir korter í sumar og vita því ef til vill ekki eins mikið og til er ætlast af þeim, erfitt fyrir landverði að koma inn þegar þeir vita ekkert um svæðið.
- Skálaverðir þekkja heldur ekki svæðið oft.
- Vantar meiri vegalandvörslu.
- Hellismenn hafa ekkert formlegt samband við landverði.

- Vantar meira samráð á milli skálavarða, veiðivarða, landvarða. Segja það sama, hafa aukið samstarf.
- Breyting á traffík á svæðinu. Mjög mikil traffík af bílum.
- Veiðivarsla. Landverðir eiga að passa það.
- Landvarðarnámskeið kemur aldrei í stað *local* þekkingu.
- Dreifa landvörslu. Byrja með tíu manns.
- Bara kjánalegt hvað það eru fáir landverðir.
- Allt of mikil umferð á svæðinu.
- Engin sýnileiki á landvörðum því þeir eru svo fáir.
- Koma með fræðslu áður en fólk kemur inná svæðið.
- Fín fræðsla á mörgum stöðum t.d. í Hrauneyjum.
- Vegagerðin skilgreinir leið Krakatind og Hrafninnusker og engin leið að vita hvort hún sé fær. Enginn veit hvernig færðin er þangað, það ætti að vera hægt að fá auknar skýringar.
- Ætti að vera skilti og láta vita hvort það sé fært.
- Breyttir jeppar eiga bara heima þarna
- Hvorugt er landvarsla óþarfi né öfugt. Áherslur eru sérstakar. Það þarf ekki að fjölga fólki sem vinnur við þetta, heldur búa til svæði sem getur tekið við fleira fólki.
- Mikið af fólki sem leysir úrgang allsstaðar. Þau vita ekkert hvar þau komast á klósettið. Þau vita ekkert hvað er langt í klósett.
- Skilti sem sýnir gönguleiðir og salerni. Þetta þarf mjög mikið á Fjallabaki.
- Þegar einhver keyrir Dómadalsleiðir, þar þarf skilti um klósett. hvað er langt í næsta klósett og tjaldsvæði. Þetta þarf að vera skýrt.
- Þarf fleiri en eina hálandismiðstöð.
- Enga plásskála fyrir klósett.
- 500 krónur er allt of mikið fyrir klósett í Landmannalaugum. Fólk fer ekki að taka upp veskið.
- Eiga einkaaðilar að sjá um klósettrekstur á svæðinu? En ekki ríkið? Af hverju fer ekki peningurinn í eitthvað annað?
- Oft á tíðum fólk sem er ekki í stakt búið til þess að sinna þessu. Þekkingarskortur á landi og þjóð. Landverðir ungir og oft þarf að rífast við landverði.
- Fjallahjól inná friðlandi ekkert samstarf um það.
- Vegalokanir og slóðalokanir alveg fáránlegar.
- Landvarsla almennt séð of lítil og sérstaklega alvöru fræðsla og viðhald á allskonar svæðum.
- Þarf að loka betur Rauðfossleið og byrja að hylja gamla slóða.
- Landverðir eru með margvísleg verkefni og landvarsla er allt öðruvísi í USA.
- Landvarsla á að vera þjónustustarf, hjálpa fólki.

- Fleiri sjálfboðaliða.
- Við erum öll landverðir.... má ekki vanmeta það. Íslendingar eru allir landverðir.
- 4x4 eru góðir í að vinna saman, þeirra vinna er ómetanleg.

## 2. Önnur fræðsla en skilti

- Allir ættu að gefa sömu fræðslu.
- Allir sem koma inná svæðið eru að fræða gestina.
- Þyrfti að vera í bílaleigum utanvegaaksturs fræðsla.
- Fá ekki lykla fyrr en búið er að fara yfir reglur.
- Bílaleigur eiga að gera meira og eru ekki að gera neitt.
- Flugfélögin fá sitt... bílaleigur fá sitt en engin ábyrgð. Fræðslan þarf að koma fyrr til fólks (flugfélög ættu að fræða sem og bílaleigufyrirtæki). Skiptir ekki mál hvort það sé friðland eða ekki.
- Fleiri en Umhverfisstofnun þarf að koma að þessu. Það þarf eitthvað róttækt að gerast.
- Þarf að gera þetta á sem fjölbreyttasta hátt svo það séu allir með í þessu.
- Starfsfólk á bílaleigum vita oft ekki neitt um hálendið og vita ekki endilega reglur hálendisins eða friðlanda.
- Keðja yfir veginn.. óljóst hvað það þýðir, merkja betur?
- Engar merkingar sem eru nógu skýrar. Það þarf að segja hvað þau þýða.
- Skýr skilaboð í upphafi leiðar.
- Búin að ferðast með mótörhjólahópum. Þarf að auglýsa betur að utanvegaakstur sé bannaður.
- Fólk hefur ekki hugmynd um hvað utanvega akstur er.
- Vill sjá auglýsingar um utanvega akstur á flugvöllinum og bílaleigum.
- Sumar bílaleigur eru með þetta í lagi en aðrar ekki.
- Bílaleigur ættu að vera skilvirkari og Umhverfisstofnun mætti tala við þær og segja þeim að upplýsa fólk.
- Þarf að vera lagt áherslu á Hrauneyjar á utanvegaakstur
- Fræðsla á náttúrufar vantar.
- Búa til app fyrir svæðið.. Fjallabak. Þar væri upplýsingar og líka fræðsla.
- Margir mjög ánægðir með app hugmyndina og að það yrði mjög vel auglýst.
- Fá sms í símann um að athuga á appinu. eins og almannavarnir nota.
- Skilti virka best.
- Það þarf að leggja áherslu á skilti en ekki starfsfólk og landverði.
- Upplýsingamiðstöð.
- Vegagerðin mætti vera meira inn í hlutum.

- Bílaleigufólk veit allt um F- vegi og þessvegna þarf að passa það vel með 208.

### 3. Álagsdreifing

- Vantar fyrirhyggju og framtíðarsýn.
- Vantar fleiri stikaðar gönguleiðir.
- Dreifa umferðinni. Þarf að gera öryggi á merktum öruggum leiðum.
- Einstefna gæti verið ein leið til þess að minnka upplifun fólks að hann sé margmennur.
- Enginn myndi leggjast gegn því að setja einstefnu á Laugavegin... myndi ekki mæta neinni afstöðu.
- Leiðsögumennirnir segja að fólk fílar að hafa ekki svona mikið fólk.
- Viðkennt aðgerð (einstefna) víða erlendis og mjög einfalt að gera
- Gera aðrar gönguleiðir betri svo fólk geti farið þar frekar en Laugavegin.
- Mjög mikið ágengi á Laugaveginum en ekki gott að breyta neinu.
- Landkynningin sem er í gangi er bara að markaðsetja Landmannalaugar.
- Kannski ætti að kynna Löðmund eða bara eitthvað annað fjall en Landmannalaugar
- Allir sammála um að Laugavegurinn á að vera einstefna, gott fyrir öryggið
- Skráningarkerfi í i-pad í skálum ef það væri einstefna
- Erfitt að segja fólki að koma ekki inn í Landmannalaugar. Einu rútutengingarnar eru rúturnar og þær koma bara inn í Landmannalaugar. Fullt af svæðum sem hægt væri að tengja við rútuleiðir.
- Daglegar rútutengingar inn i t.d. Hólaskjól myndi vinna markaðsetningavinnu fyrir álagið og dreifa því. Það væri hægt að koma upp nýjum gönguleiðum svipuðum og laugavegin og markaðsetja það.
- Þarf fleiri leiðir ekki bara þessu einu.

### 4. Talningar/ítölur

- Mikil pressa að koma inn í Landmannalaugar.
- Álagsdreifing um vorin. Þarf að vera með tvær opnanir. Opnun á vegum. Opnun á gönguleiðum.
- Fólk vill ítölur.
- Engar bílaleigur inn á hálendið.
- Það þarf fleiri teljara.



## Borð 4 -Göngustígar/leiðir

1. Aðgengi hreyfihamlaðra
2. Gönguleiðir, stýring/einstefna

### 1. Aðgengi hreyfihamlaðra

- T.d. væri hægt að keyra að Rauðafossi.
- Fagna uppbyggingu gönguleiða á svæðinu. Heildarsvipur á gönguleiðum, t.d. mismunandi stikur á Laugaveginum.
- Uppbygging stíga stjórnar aðgengi – hvernig fólk viljum við fá inn á svæðið.
- Ábyrgð – hver ber ábyrgð ef eitthvað fer úrskaiðis vegna innviða?
- Fá alla samstarfsaðila með í uppbyggingu
- Aðgengi fólks inn á hálendið – þarf að koma stýringu á það.
- Fókusa á þá staði sem við erum með.
- Litakóði
  - Stofnleiðir litaðar
  - Skiptir mestu máli að fólk viti hvar það er með góðum skiltum og kortum á leiðum
  - Þurfum ekki að finna upp hjólið

## 2. Gönguleiðir, Stýring/einstefna

- Oftar en ekki þá eru stígar neðst á forgangslistanum í skipulagi, en eru þó með bestu tækjum til að stýra ferðamönnum um landið. Nýi stígurinn upp á Laugahraunið í Landmannalaugum er ansi hressilega gerður á köflum, fólk heldur sig á honum og kemur í veg fyrir að mosi og annar viðkvæmur gróður troðist niður. Malbikun stíga í Dimmuborgum er kannski hástig stígamennningarinnar, en hann hefur reynst mjög vel og ver náttúru Dimmuborga með því að vera sýnilegur og greiðfær. Það er mikil vitundarvakning í aukinn fagmennsku í stígagerð og bent sérstaklega á verkefnið ASCENT sem Landgræðslan er þátttakandi í.
- Hellismannaleið – Laugavegur lengsta gönguleið í óbyggðum í Evrópu
- Einstefna í Laugahrauni
  - Til bóta
  - Virkar vel á öðrum svæðum
- Bláhnjúkur
  - Manngerðir hlutir geta virkað.
- Aðgangsstýring inn á svæðið til að koma í veg fyrir slys
- Áhersla á nýjar leiðir
  - Þurfum að gera það almennilega
- Hversu mikil mannvirki viljum við á svæðin
- Gjald á fólk sem kemur inn á viðkvæm svæði.
- Leiðsögumenn vilja ekki fara í Landmannalaugar því fólk finnst það skítugt og of mikið af fólk.
- Laugahringurinn – klára góða uppbyggingu því það er besta stjórnunin á fólk
- Utanvegaakstur – fjölga útskotum til að fólk geti stoppað ef það sér eitthvað fallett
- Ekki of mikla uppbyggingu eins og Kerlingarfjöllum. Viljum halda í óbyggða tilfinningu
- Færa þjónustuna út fyrir Landmannalaugar
- Númeraðar stikur eins og Fimmvörðuhálsi
- Útbúa fleiri göngustíga, stikaðar og vel merkta. Stýring skiptir mestu mál.
- Heimamenn eiga að leggja slóða og göngustíga
- Tengja leiðarnar inn á næstu svæði.
- Hjáleiðir á gönguleiðum til að lengja gönguleiðir.
- Gönguhópar vilja oft gista nokkrar nætur og ganga út frá svæðum.
- Fordómar gagnvart ákveðnum hópum, þurfum að virða alla hópa.
- Einstefna – ekki boð og bönn heldur tilmælis.
- Rauðfosskvísl – stika að auganu.
- Nota frekar alþjóðlegan staðal að erfiðleikastigum 1,2,3,4 og 5.
- Samrýma kort yfir gönguleiðir (mismunandi).



- Gönguleiðir sem fara yfir viðkvæm svæði t.d. Hellismannaleið yfir Mógilshöfða og við Löðmundarvatn þar sem leiðin fer yfir fen.
- Leggja áherslu á aðrar gönguleiðir til að minnka álag á Laugavegin. T.d. Hrafninnusker-Dalakofinn, enn er margt sem þarf að varast á þeirri leið svo spurning hversu sniðugt það er.
- Skipulag fyrir allt Fjallabaks svæðið (fram tíðarplan) skipulag frá sveitarfélaginu.
- Fleiri skipulagðar gönguleiðir.
- Nauðsynlegt að það séu fagaðilar sem að komi að uppbyggingu á nýjum gönguleiðum, ekki bara að hver sem er geti lagt nýjar leiðir.
- Vantar stýringu, t.d. við Rauðafossakvísl. Stikað að fossinum. Takmarka svæði því svæði þurfa mismikla vernd.



## Borð 5 - Umferð önnur en gangandi

1. Loftför – þyrlur og drónar.
  - i. Skilgreina landingarstaði?
  - ii. Viðkvæma staði þar sem á ekki að lenda?
  - iii. Leiðbeiningar varðandi lágflug? Tilmæli
2. Reiðhjól
3. Hestar
4. Vélsleðar og akstur á snjó
5. Siglingar og veiðar

### 1. Loftöf – þyrlur og drónar

- Loftför - drónar: Almennt eiga lög í landinu að duga. Sérreglur auka flækjustig.
- Meðan sýnd er tillitsemi með dróna þarf ekki sérreglur.
- Bent á að drónar hafi truflandi áhrif á aðra ferðamenn.
- Bent á eðlismun á milli einfaldri drónamyndatöku og kvikmyndatöku með drónum.
- Ætti að höfða til almennrar skynsemi og tillitsemi.

- Hvernig náum við til fólks sem sýnir ekki tillitssemi? Með upplýsingagjöf. Þarf ekki allt að vera bannað – biðja fólk að sýna tillitssemi og fljúga.
- Umræður um framfylgd bannsins.
- Upplýsingagjöf lykilatriði.
- Ekki sérstök truflun.
- Engar hömlur.
- Heimilar tjaldstæðisrekanda að banna dróna yfir tjaldsvæðum.
- Líka bent á að tímamörk ættu að gilda varðandi drónaflug.
- Vilja takmarka dróna.
- Leyfa dróna.

### Þyrlur

- Skilgreina sérstaka landingarstaði.
- Ekki þörf á að skilgreina sérstaka landingarstaði.
- Bent á sjónarmið, neyðarsjónarmið.
- Beina umferðinni frá mannmergðinni.
- Bent á að kalla þyrluflugmenn á fund.
- Ekki talið ónæði af þyrlum.
- Ónæði ef þær lenda.
- Telur þyrlur ekki valda tjóni á mosa.
- Engar hömlur.
- Flestir sem ferðast um svæðið eru meðvitaðir um það sem þeir eru að gera og bera ábyrgð á sínum farþegum.
- Þyrluflugmenn meðvitaðir, ekki vandamál eins og er.
- Lágflug þyrla truflar.
- Leyfa landingu á fáfarnari stöðum.
- Bent á að þyrlur vekji meiri áhuga.
- Þarf að setja strangar reglur um þyrlur.

### 2. Reiðhjól

- Tryggt aðgengi fyrir alla.
- Þarf að skilgreina hvar menn mega hjóla.
- Vilja ekki hafa hjólin út um allt, ekki í mosa og á skilgreindum leiðum.
- Byggja upp sérstaka hjólastíga, líka til að dreifa álagi.
- Uppbygging fjallahjólastíga á Fjallabaki mjög flókin.
- Gera úttekt á því hvar gönguleiðir þola reiðhjól .
- Reiðhjól skemma mest.
- Þarf að skilgreina leiðir fyrir hjólin, getur farið saman með göngu- og reiðleiðum.

- Hjól skilja ekki meira eftir sig en gangandi (fjallahjól). Rafmagnshjól annað mál sem gerir öðrum minna vönunum að komast á svæðið.
- Árekstur við gangandi fólk fyrst og fremst í Laugahrauni, ekki annarsstaðar.
- Hjól skemma göngustíga og því þarf að aðskilja umferð gangandi og hjólandi.

### 3. Hestar

- Fjármagn í að laga reiðleiðir.
- Skilgreina leiðir sem má fara einhesta, ekki með rekstur.
- Fræðsla lykilatriði.
- Gefa út reiðleiðakort.
- Auka áningarhólf.
- Auðvelt að stýra umferð hrossa með uppsetningu á gerðum.
- Hestar eiga ekki að vera á vegunum.
- Aðstaða orðin betri leiðir til aukningar.
- Þarf að skilgreina reiðleiðir og afmarka viðkvæm svæði.
- Beina hestaumferð frá viðkvæmum svæðum.
- Annað ætti að gilda um stór stóð heldur en þá sem fara með færri til reiðar.

### Hestar og hjól

- Aðskilja umferð í sundur, ekki reiðhjól, hestar, gangandi og akandi saman.
- Á merktum leiðum.
- Nota stígakerfi og þá vegi sem fyrir eru.
- Takmarka boð og bönn.
- Tilmæli um tillitssemi.
- Eina bannið – bannað að valda tjóni á náttúrunni.
- Almenn tilmæli að nota þau stígakerfi sem fyrir er.
- Með fræðslu ættu allir að geta nýtt sömu stígana.
- Þurfa að vera mjög skilgreindar reiðleiðir. Þurfa að vera kortlagðar.
- Reynslulitlir ferðamenn: Upplýsingagjöf lykilatriði.
- Munur á því hvort menn ferðast einir eða í hóp. Stærri hópar fylgi skilgreindum leiðum.

### 4. Akstur á snjó og vélsleðar

- Bent á að akstur á snjó á breyttum jeppum getur haft minni áhrif en gangandi vegfarandi.

- Aðgangsstýring í samráði
- Uppbyggður vegur að snjólínu og tekin ákvörðun um hvenær opnast við snjósleða. Þar er stopp þar sem hægt er að taka vélsleða af.
- Betri merkingar.
- Samráð við þá sem nota vegina á breyttum bílum, ferðaþjónusta, félagasamtök um lokanir vega. Taka vélsleðasamtök, slóðavinir, 4x4, Fetar – hafa samráð við lokanir um þessa.
- Hægt að opna vegi en loka ákveðnum svæðum þó að leiðirnar að þeim séu opnar.
- Ákvæði náttúruverndarlaga fullnægjandi.
- Þarf að bæta við umfjöllun um rallý.
- Í góðu standi eins og það er núna.
- Bent á að akstur á snjó getur valdið miklu tjóni.
- Mestu vandræðin í nágrenni veganna, mikil umferð á haustin.
- Byggja upp vegi að snjólínu þannig að hægt sé að komast að svæðinu.
- Minnstu áhyggjur af vélsleðum.
- Vélsleðar – minni áhyggjur.

#### 5. Siglingar og veiðar

- Ætti að vera í samráði og samtali við veiðifélög.
- Ekki veitt nóg, fiskurinn minnkar og minnkar.
- Mögulega þörf á að grisja.
- Umræður um að fiskurinn minnkar og minnkar.
- Ræða við sérfræðinga.
- Sum vötn fyrir fiskveiðar og önnur fyrir siglingar.
- Halda við rjúpnaveiði og heiðagæs. Vilja leyfa veiðar.
- Siglingar á kajökum, hefur ekki komið til umræðu.



## Borð 6 – Ferðapjónusta

1. Hvers konar stýring
2. Samstarf?
3. Kröfur til ferðapjónustuaðila?
4. Framtíðarsýn ferðapjónustunnar
5. Stefnumótun í ferðapjónustu áherslur?

### 1. Hvers konar stýring

- Banna á bílaleigubíla inn á svæðið, það myndi minnka utanvegaakstur.
- Fólk fari ekki inn á svæðið án leiðsagnar.
- Hafa ítölu.
- Merkingar og upplýsingar þarf að bæta mikið. Ekki er hægt að ætlast til að útlendingar átti sig á hættum, skilji t.d. hvernig eigi að aka yfir ár og fleira.
- Ekki er hægt að taka af fólki sjálfsákvörðunarrétt, þurfum stundum að gera það erlendis, t.d. Alaska.
- Barnaskapur að hafa hlutina eins og þeir eru núna, þ.e. allir geti farið allt, alltaf.
- Áður en boð og bönn eru sett þarf að skoða bestu leiðir, hvar eiga mörkin að vera.
- Stýra með merkingum, upplýsingum fyrst.
- Þórmörk nefnd sem dæmi vegna betri upplýsinga um Krossá, þekkingin breiðist út.

- Ekki bara erlendir ferðamenn að lenda í vandræðum, líka Íslendingar.
- Lokanir eru ekki lausn, farið framhjá þeim.
- Rútur inn á svæðið.
- Fyrst setja fram upplýsingar og leiðbeiningar. Síðan hvort eigi að banna ákveðnar tegundir bíla.
- Vantar betri aðstöðu á svæðunum, vantar eftirlit. Þeir sem eru í eftirliti hafa lítið umboð t.d. skálaverðir og landverðir.
- Ekki láglendisvæða hálendið.
- Ekki þarf sérstaka stýringu á Friðlandinu, ítala líklega nauðsynleg á ákveðnum svæðum.
- Mætti dreifa fólki betur.
- Hlutar svæðisins þola fleira fólk, en sumir staðir ekki.
- Skiplagðar ferðir orðnar of dýrar, fækkað hefur í slíkum ferðum, fleiri á bílaleigubílum.
- Gæði bíla þurfa að vera mikil.
- Landmannalaugar eru orðinn staður þar sem þarf að þjónusta, hafa einfalda þjónustu og meiri veitingar, aðhlyningu, í hófsömum stíl.
- Hafa góða vegi og góða stíga. Vinna með stofnununum, taka alla að borðinu.
- Veitingarekstri fylgir rusl og kolefnisspor.
- 20-30 rútur á ákveðnum tíma i dagsferðir inn í Laugar.
- Ef okkur langar í kerfi til að stýra aðgengi, þurfum við ekki að finna neitt upp, heldur eru hæg heimatökin að læra af því hvernig aðrar þjóðir hafa skipulagt þessi mál.
- Meiri áherslu á forvarnir og skipulag og að fræðsla sé í fyrirrúmi.
- Tækifæri geta falist í stofnun miðhálandisþjóðgarðs hvað varðar aðgangsstýringu. Með nýjar útlínur og nýjar skilgreiningar verður auðveldara að setja reglur um aðgang.

## 2. Samstarf?

- Þurfum að vera í samstarfi við ferðaþjónustuna og aðra sem eru að fara inn á svæðið.
- Vantar samtal, farið eftir dagatali með t.d. opnanir vega.
- Fetar – eru ferðaþjónar á svæði sem þekkja ástandið á hverjum tíma. Hafa þá með í ráðum.
- Niðurgrafir vegir, hættulegt að mætast.
- Hálendið þolir ekki álag á vorin, ekki flýta sér að opna á vorin.

## 3. Kröfur til ferðaþjónustuaðila

- Öryggislegar, þeir eiga að sjá um sína kúnna.



- Hafa þekkingu á svæðinu.
- Menntaður fagaðili.
- Hafa leyfin í gildi.
- Lítið mál að ná í leyfi sem ferðaskipuleggjandi.
- Leyfi sem ferðasöluaðili tekur of stuttan tíma, mjög einfalt t.d. miðað við bílstjóra og leiðsögumenn.
- Hafa íslenska aðila.
- Fullmikið af kröfum, þarf ekki fleira.
- Ættu að fara inn í Vakann.
- Flókið að fara í Vakann?
- Kröfur til ferðabjónustu? Já! verða að sætta sig við að þróunin er á forsendum náttúrunnar ekki fyrirtækjanna.

#### 4. Framtíðarsýn ferðabjónustunnar

- Framtíðarsýn ferðabjónustunnar og allra þeirra sem nýta hálendið með einum eða öðrum hætti hlýtur að felast í að viðhalda þessari auðlind sem felst í hálendinu, tryggja aðgengi að henni og efla öryggi þeirra sem þar fara um. Aukin fagmennska í ferðabjónustu hlýtur einnig að vera keppikefli allra sem reka slíka starfsemi.

#### 5. Stefnumótun í ferðabjónustu áherslur?

- Hafa rútur sem fara inn á svæðið, einkabílar leggi utan svæðis.
- Hugmynd: Voucher vegna gistingar/tjaldstæðis verði inni í verði á leigu á camper-bílunum. Þeir leggja þá frekar á tjaldstæðunum og við losnum við bílana af vegum og ólöglegum stöðum.
- Á að fara inn í Laugar eða fæla frá? Dreifa álagi, menn fari frá viðkvæmum svæðum.
- Hæfileg gjöld eru tekin inn á svæði erlendis, hér verði meira af slíku.
- Allt á netinu um lokanir og færð, hjá Vegagerðinni.
- Stýring til að hægt sé að aka inn í Jökulgil. Kannski á stórum dekkjum.
- Halda litlum slóðum opnum t.d. fyrir fatlaða á fjórhjólum.
- Leyfa á þyrlur, þeir borga mest.
- Löggilda leiðsögumenn, vernda leiðsögumenn.
- Þeir sem þekkja svæðið og vita hvað það þýðir að stíga út fyrir fengju að fara inn á svæðið ekki aðrir, t.d. hópar með hópstjóra.
- Það sem við megum er í stjórnarskrá, hefðaréttur er sterkur.
- Lítið sem ekkert bæst við gistingu í Friðlandinu. Eru plön um það? Og þá hvaða aðilar.



- Skapast umræða um ferðamenn í húsbílum, ágangur þeirra á svæðið, parkera á villuslóðum. Byggja skála fyrir þá ? ekkert bæst við gistipláss.
- Ágætt, skálabyrpingar eru á ákveðnum svæðum, er hægt að byggja meira upp þar?
- Aðstaða er ekki við Hrauneyjar fyrir kampera, þurfa að aka í Árnes í gistingu.
- Mættu vera svæði víðar fyrir kampera þó þau væru ekki spennandi fyrir tjöld, klósett þarf að vera. Þarf þó mikið til, dýrt. Langisjór flott aðstaða. Erfitt að byggja upp fyrir fjárlitlar stofnanir.
- Byggt upp á jöðrum í Vatnajökulsþjóðgarði.



## Borð 7 – Öryggismál

### 1. Hvernig á öryggismálum að vera háttað?

- Hafa hjartastuðtæki í öllum skálum
- Efla hálendisvaktina
- Eitthvað um sambandsleysi – fjarskiptaleysi
- Þarf fleiri rafstöðvar og fleiri senda
- Upp á Loðmund væri til dæmis hægt að setja sendi
- Það samband sem er í boði núna er gloppótt
- Væri hægt að bæta símasendi á Reykjafell við Hrafninnusker
- Sniðugt að hafa skíðapotu með búnaði – ætti að vera í Landmannalaugum til að fýta fyrir björgun. Myndi stytta björgunartíma
- Gera svipað og á Fimmvörðuhálsi – númera stikur og litakóða gönguleið – gps punkta á stikum.
- Vegir inn á svæðið eru mjög ótryggir stóran hluta ársins, haust og vor viðkvæmast. Þarf að bæta vegi til að koma í veg fyrir slys.
- Þarf að tengja betur syðra og nyrðra Fjallabak með akvegum, það gæti átt þátt í að hindra utanvegaakstur.

- Þarf betri merkingar á vegum og eins uppbyggða vegi
- Það þarf að fara í að merkja og bæta upplýsingar um vöðin
- Kortlegga hættuleg vöð
- Merkja vöð á fleiri tungumálum
- Hugmyndir um að malbika
- Uppbyggðir vegir upp að snjólínu
- Jafna hæð vegi við jarðveg – kæmi í veg fyrir utanvegaakstur
- Aðal áhersla á uppbyggða vegi „að svæðinu“ myndi auka gæði ferðapjónustunnar
- Hefta aðgengi bílaleigubíla
- Frekari aðgangsstýring myndi auka öryggi
- Hafa skýrari skilti við vöðin
- Bílaleigur eiga að bera ábyrgð á fræðslu
- Banna bílaleigubíla
- Hafa ákv. ökuskírteinu fyrir hálendisakstur – þeir sem hyggjast keyra á hálendinu þyrftu þá að uppfylla ákveðnar kröfur áður. Íslandi væri þá skipt upp í ökuskírteinasvæði.
- Hálendisgæslan – björgunar og eftirlitsaðilar fyrir þessi ökuskírteini
- Jákvætt að vita af björgunarapparati í Landmannalaugum
- Af hverju er enginn skyldugur til að vera með tryggingu? Ef þú ætlar að fara á hálendið þá ættir þú að þurfa tryggingu.
- Upplýsa þarf landverði um björgunarstörf – ef til vill eru þeir nálægt og eru staðkunnugir
- Gæti verið sniðugt að hafa svona skráningarkerfi, maður skráir sig inn á svæðið og á ólíkum „check“ punktum – stimplar þig inn.
- Það eru ruglandi merkingar í kringum Landmannalaugar – þarf að samræma þær.
- Samræma skilti – setja heildstæða stefnu hvað varðar útlit þeirra
- Efla safe-travel – upplýsa betur um það kerfi
- Halda skiltum við
- Hafa björgunarsveitina sýnilegri
- Setja upp góða merkingu þegar þú kemur inn á svæðið
- Reyna að hafa símasamband sem víðast – fleiri senda og eins staði sem hægt er að hlaða síma og önnur tæki.
- Landmannahellir er til dæmis með lélegt símasamband.
- Ætti að vera skylda að hafa GPS tæki með ef þú ætlar á hálendið
- Margir með hugmyndir um að takmarka bílaleigubíla
- Kanna aðgangsstýringar á öðrum friðlýstum svæðum í heiminum? Athuga hvort eitthvað svipað gæti hentað hér á landi?
- Fræðsla lykilatriði

- Vantar tæki til að takmarka umferð þeirra sem hafa ekki reynsluna til að keyra á ákv. Svæðum
- Mikilvægt að skálavörður sé með reynslu af skyndihjálpi, þekkingu á gönguleiðum og sínu svæði almennt. Þarf að fræða skálaverði
- Efla fræðslu frá upphafi – ákveðnar sömu upplýsingar frá öllum – samræma – sveitarfélög – bílaleigubílar – stofnanir – ferðaþjónusta
- Stýra fólki meira í skipulagðar ferðir (taka út bílaleigubíla)
- Betri staðarmerkingar – hvar ertu staddur? Hvað heitir áin?
- Hafa bókstaf og númer á vaði og hverjum stað til að aðstoða björgunarmenn
- Öryggishlið í Landmannalaugum – ákv. Grunnbúnaður fatnaður og matur – flestir sem hafa farist hafa verið einir – hvetja fólk að fara saman.
- Aðgangsstýring eigi við, a.m.k. þar sem fara þarf yfir straumvatn og erfiða slóða, til að koma í veg fyrir alvarleg slys á fólki.